

SÝN

- Sjúklingar og aðstandendur fá heildræna, einstaklingsmiðaða hjúkrun sem er gagnreynd, örugg og árangursrík.
- Hjúkrun er í stöðugri þróun, samþætt kennslu, rannsóknum og nýsköpun undir forystu hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra.
- Hjúkrun er í samræmi við lög og réttindi sjúklinga, stefnu spítalans og siðareglur hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og ljósmæðra.

STEFNA

ÖRYGGISMENNING

Öryggi sjúklinga og starfsfólks

- Hjúkrun byggir á gagnreyndum starfsháttum.
- Miðlun upplýsinga og skráning er markviss, stöðluð, skýr og tímanleg
- Daglegt mat á hjúkrunarþyngd liggur til grundvallar við gerð mönnunarlíkana og áætlana.
- Samsetning mannafla í hjúkrun er í samræmi við stefnu spítalans og öryggisviðmið.
- Árangur þjónustu er stöðugt metinn með þróun og notkun árangurs- og gæðavísa.



ÞJÓNUSTA

Skilvirkni og gæði í þágu sjúklinga

- Sjúklingar og aðstandendur eru upplýstir og virkir og þátttakendur í meðferð og ákvarðanatöku.
- Hjúkrun er sérhæfð, samhæfð og samfelld og byggir á þörfum sjúklinga.
- Sjúklingar fá hjúkrun við hæfi og tryggt er að sá sem veiti hana búi yfir viðeigandi hæfni.
- Fagþekking nýtist til hagsbóta fyrir sjúklinga og aðstandendur og hver fagmaður nýtir hæfni sína til fulls.
- Sjúklingar fá menningarhæfa hjúkrun án mismununar.



MANNAUÐUR

Öflug og samhent teymi starfsfólks og nema í hvetjandi umhverfi

- Hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, sjúkraliðar og aðrir sem veita hjúkrun búa yfir nauðsynlegri faglegri hæfni til að veita viðeigandi þjónustu og fá til þess þjálfun, starfsþróun og aðlögun í starfi.
- Þeir sem veita hjúkrun hafa tækifæri til að þróa sig í starfi.
- Sérfræðiþekking er eflað og sérfræðingum í hjúkrun og sérfræðiljósmæðrum fjölgað.
- Stjórnendur í hjúkrun hafa lokið framhaldsnámi sem nýtist í starfi.
- Þeir sem veita hjúkrun eru færir í þverfaglegu samstarfi og samskiptum og eiga árangursríkt samstarf við aðrar fagstéttir, stofnanir, samtök og félög.
- Nemendur í heilbrigðisgreinum fá kennslu og þjálfun sem byggir á gagnreyndum kennsluaðferðum.



STÖÐUGAR UMBÆTUR

Samhæft verklag og nýsköpun sem eykur virði þjónustu fyrir sjúklinga og aðstandendur

- Samvinna Landspítala við menntastofnanir er öflug og hjúkrunarþjónusta er samþætt kennslu, hjúkrunarrannsóknum, nýsköpun, upplýsingatækni, umbótum og mati á árangri.

